

Um tillögur viðskiptanefndar að breytingum á 10. grein frumvarpsins

- 1) **Við 10. gr.** – hækkun á iðgjaldi úr 0,3% í 1,0%.

Hér er um gríðarlega hækkun iðgjalds að ræða. Í núverandi lögum er iðgjaldið 0,15% og lagt var til að það færi í 0,3% í fyrstu drögum frumvarpsins, sem í athugasemdum við frumvarpið var kallað „gerbylting“. Skyndileg hækkun upp í 1,0% kemur því mjög á óvart. Varla þarf að taka fram þau miklu áhrif sem þetta hefur á rekstur innlánsstofnana og viðskiptavini þeirra. Gera verður ráð fyrir að þær muni að stórum hluta þurfa að mæta þessari hækkun með auknum vaxtamun, sem mun fyrst og fremst bitna á innlánsseigndum.

Því leggja SFF til að horfið verði aftur til þess að iðgjaldið sé 0,3% eins og frumvarpið ráðgerir.

- 2) **Við 10. gr.** – aukaiðgjald 0,016% fyrir hvert prósentustig í markaðshlutdeild umfram 10% markaðshlutdeild.

Hér er jafnframt um mjög mikla hækkun á iðgjöldum að ræða. Fyrir banka með 25% markaðshlutdeild þýðir þetta 0,24% aukaiðgjald og væri þá heildariðgjald orðið 1,24%. Bara þetta aukaiðgjald upp á 0,24% er hærra en 0,15% heildariðgjaldið í núverandi lögum.

SFF leggja til að horfið verði aftur til þess sem frumvarpið ráðgerir, þ.e. að iðgjaldið hækki um 0,01% fyrir hvert prósentustig umfram 25% markaðshlutdeild.

- 3) **Við 10. gr.** – útreikningar á áhættustuðli

Liggja þarf fyrir hvernig framkvæma á þessa útreikninga þ.a. SFF geti áttað sig á því hvað þetta mun þýða fyrir einstaka banka/sparisjóði. Ef t.d. einstaka viðskiptabanki fær stuðulinn 2 gæti heildariðgjald viðkomandi banka orðið 2,48% m.v. 25% markaðshlutdeild.

Meðan allt er í lagi í rekstri innlánsstofnunar má búast við að þessi stuðull sé lágur og því safnist ekki mikið í sjóði TIF. Hins vegar þegar ill viðrar og einstaka innlánsstofnanir lenda í vandræðum að þá er hætt við því að áhættustuðullinn muni hækka og auka við vandræði viðkomandi banka og gera honum þannig erfiðara að vinna sig útúr erfiðleikum.

- 4) **Við 10. gr.** – útreikningur á iðgjöldum

Ekki er skýrt í frumvarpinu af hvaða upphæð greiða á iðgjöld. Ef viðskiptavinur er með ISK 100 milljónir í innláni en TIF tryggir að hámarki 16 milljónir (€100.000) – á þá að greiða iðgjald sem hlutfall af 16 milljónum eða 100 milljónum?. Í greininni er stærðin RQ1 sögð vera samtala tryggðra innstæðna í lok fyrsta ársfjórðungs hjá viðkomandi innlánsstofnun. Spurningin er því hvort sú RQ1 ætti að innihalda ISK 16 milljónir eða ISK 100 milljónir fyrir viðkomandi viðskiptavin í dæminu sem hér er nefnt?

Margir viðskiptavinir bankanna eru með milljarða króna í innstæðum. Innstæður þeirra eru þó einungis tryggðar að hámarki 16 milljónir króna. Það verður því að teljast óeðlilegt að greidd séu iðgjöld til TIF af innstæðum umfram hámarkstrygginguna. T.a.m. gæti einstaka aðili verið með 5 milljarða í innstæðum en einungis 16 milljónir verið tryggðar, en viðskiptabanki viðkomandi væri að borga fyrir tryggingu á öllum 5 milljörðunum.

SFF leggja því til að einungis sé greitt af þeim hluta innstæðna sem eru tryggðar. Fyrir viðskiptavin sem á meira en 16 milljónir hjá viðskiptabanka greiði viðkomandi banki því aðeins iðgjald af tryggðu upphæðinni, þ.e.a.s. af 16 milljónum.